

Þingsályktun

um réttaráhrif tæknifrjógunar.

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að skipa nú þegar fimm manna nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifrjógunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði ákveðin.

Nefndin verði skipuð sem hér segir: Dómsmálaráðherra skipi formann nefndarinnar án tilnefningar, tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands og sé hann sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp og einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands.

Nefndin ljúki störfum áður en næsta löggjafarþing kemur saman. Ríkissjóður greiði kostnað af störfum hennar.

Samþykkt á Alþingi 25. mars 1986.